

Fundargerð háskólaráðs

267. fundur þann 18. júní 2008
Fundarherbergi K102

Rektor setti fund kl. 12:00.

Mættir voru auk hans:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra
Finnur Friðriksson varafulltrúi kennara
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda
Hrefna Kristmannsdóttir varafulltrúi kennara

Fjarverandi:

Sólveig Ása Árnadóttir fulltrúi kennara
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Guðrún Kristinsdóttir safnstjóri Minjasafns Akureyrar
Laufey Sigurðardóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Bragi Guðmundsson dósent
Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sveppafræðingur
Steinunn Aðalbjarnardóttir staðgengill forstöðumanns kennslusviðs

Rektor kynnti dagskrá. Hann bauð Guðrúnu Kristinsdóttur velkomna en hún mun taka við starfi ritara rektors þann 1. ágúst nk. og þar með ritun fundargerða háskólaráðs.

1. Fundargerð síðasta fundar

0805036

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Rekstraryfirlit janúar – maí 2008

0804042

Ólafur gerði grein fyrir rekstraryfirliti fyrstu fimm mánuða ársins. Rekstrar-
kostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 496,09 m.kr. eða 40,94% af
áætlun ársins þar af 282,14 m.kr. eða 40,46% vegna kennsludeilda.

3. Innritun nýnema

0806083

Steinunn Aðalbjarnardóttir gerði grein fyrir innritun nýnema. Alls hafa 890 sótt um skólavist á haustmíssi 2008 sem er aðsóknarmet í sögu skólans. Alls sóttu 157 um nám í félagsvísinda- og lagadeild, 119 í heilbrigðisdeild, 311 í kennaradeild og 303 í viðskipta- og raunvísindadeild. Formlegur umsóknarfrestur rann út 5. júní en ákveðið var að halda áfram að heimila innritun í þeim greinum sem námspláss eru fyrir hendi.

4. Dómnefndarálit

Fyrir fundinum lágu sex dómnefndarálit. Fyrst kom Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir inn á fundinn og gerði grein fyrir dómnefndarálitum um framgang Braga Guðmundssonar úr stöðu dósent í stöðu prófessors við HA og um framgang Kristínar Aðalsteinsdóttur úr stöðu dósent í stöðu prófessors við HA.

Guðríður Gyða var starfandi formaður dómnefndar við gerð þessara dómnefndarálita. Hún yfirgaf fund.

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar kom inn á fundinn og gerði grein fyrir eftirfarandi dómnefndarálitum:

um hæfi Hafðísar Skúladóttur til að gegna stöðu lektors við HA,

um hæfi Hilmars Þórs Hilmarssonar til að hljóta framgang úr stöðu lektors í stöðu dósents við HA,

um hæfi Kristins P. Magnússonar og Silke Werth um auglýsta sameiginlega stöðu sérfræðings og lektors/dósents í sameindaerfðafræðum við HA og Náttúrufræðistofnun Íslands og

um hæfi Carl Iain Cater og Ingólfs Arnarsonar um auglýsta stöðu sérfræðings við Ferðamálasetur Íslands og lektors/dósents/prófessors við HA.

Bragi Guðmundsson yfirgaf fund.

Dómnefndarálit um hæfi Hafðísar Skúladóttur, Hilmars Þórs Hilmarssonar, Kristins P. Magnússonar, Silke Werth, Carl Iain Cater og Ingólfs Arnarsonar voru samþykkt.

Afgreiðslu dómnefndarálita um Braga Guðmundsson og Kristínu Aðalsteinsdóttur var frestað.

Bragi sagði að á næstu dögum myndi dómnefnd ljúka við gerð dómnefndarálits um hæfi umsækjenda um stöðu lektors/dósents/prófessors í leikskólakennarafræðum. Hann sagði mikilvægt að afgreiða það sem fyrst þar sem lægi á að ráða í stöðuna. Háskólaráð samþykkti að dómnefndarálitið yrði sent fundarmönnum með tölvupósti um leið og það bærisk og afgreitt þannig milli funda.

Umræður urðu um dómnefndarstörf og stigamat. Fulltrúar kennara lögðu til að í framtíðinni yrði leitað samstarfs við vísindasvið Háskóla Íslands um stigamat, til að samræma vinnubrögð við matið.

5. Lög um opinbera háskóla

0806076

Lög um opinbera háskóla voru samþykkt á Alþingi 30. maí sl. Rektor gerði grein fyrir helstu breytingum sem urðu á lögnum eftir að frumvarp þeirra var til umfjöllunar í háskólaráði. Fram kom að skipan nýs háskólaráðs samkvæmt lögnum skal lokið fyrir 1. október nk.

6. Ályktun raunvísindaskorar um rannsóknamisseri

0805088

Rektor lagði fram ályktun sem honum barst frá raunvísindaskor þar sem veitingu rannsóknamissera fyrir árið 2009 er mótmælt þar sem einungis helmingur umsækjenda sem sendu inn gilda umsókn var veitt leyfi. Háskólaráð gerði ekki athugasemdir við að rektor svaraði ályktuninni þar sem fram kæmi að á undanförunum árum hafi rannsóknamisseri haft forgang varðandi skiptingu fjárveitinga. Á þessu ári ver Háskólinn um 80 millj. kr. í rannsóknamisseri og væntanlega sömu upphæð á árinu 2009 en árið 2010 hækkar þessi upphæð í 95 millj. kr. Þetta er umtalsverður hluti af heildafjárveitingu Háskólans til rannsókna.

7. Ákvörðunarferli nýs námsframboðs

0805002

Háskólaráð samþykkti með breytingum tillögu gæðaráðs um ákvörðunarferli nýs námsframboðs.

8. Næstu fundir

Næstu fundir verða haldnir 21. ágúst kl. 8:30 og 19. september kl. 8:30.

9. Önnur mál

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Rektor þakkaði Laufeyju Sigurðardóttur fyrir vel unnin störf fyrir háskólaráð en hún mun láta af störfum ritara rektors í júlí og var þetta því hennar síðasti fundur. Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:10.